

AUGLÝSING

96

31. maí

um sölu og útflutning á vörum.

Útflutningsnefnd sjávarafurða hættir störfum frá og með 1. júní 1960, sbr. 14. gr. laga nr. 30 27. maí 1960, um skipan innflutnings- og gjaldeyrismála o. fl.

Jafnframt hefur verið ákveðið, samkvæmt heimild í 8. gr. sömu laga, (sbr. reglugerð, útgefna í dag, um sölu og útflutning á vörum), að leyfi útflutningsdeildar viðskiptamálaráðuneytisins þurfi til að bjóða íslenzkar afurðir til sölu á erlendum markaði, selja þær til útlanda eða flytja úr landi.

Útflutningsdeild viðskiptamálaráðuneytisins veitir einnig leyfi til útflutnings á erlendum vörum og enn fremur íslenzkum afurðum og sýnishornum, sem ekki eiga að greiðast í erlendum gjaldeyri. Gjafir og sýnishorn að verðmæti allt að 1000 krónum eru þó undanþegin leyfum.

Útflutningsdeild viðskiptamálaráðuneytisins mun fyrst um sinn hafa skrifstofu á Klapparstig 26, 4. hæð, þar sem útflutningsnefnd sjávarafurða hefur haft afgreiðslu.

Athygli skal vakin á því, að leyfisgjald samkvæmt eldri reglugerð (1%) hefur verið fellt niður frá og með 1. júní 1960.

Viðskiptamálaráðuneytið, 31. maí 1960.

Gylfi Þ. Gíslason.

Jónas H. Haralz.

Staðfesting forsetans á skipulagsskrá fyrir Minningarsjóð hjónanna Ólafs Finns- 97 sonar og Guðrún Tómasdóttur frá Fellsenda í Miðdölum í Dalasýslu, útgefin á 3. júní venjulegan hátt að mandatum af dómsmálaráðherra 3. júní 1960.

Skipulagsskráin er þannig:

SKIPULAGSSKRÁ

fyrir Minningarsjóð hjónanna Ólafs Finnssonar og Guðrúnar Tómasdóttur frá Fellsenda í Miðdölum í Dalasýslu.

1. gr.

Sjóðurinn heitir Minningarsjóður hjónanna Ólafs hreppstjóra Finnssonar frá Fellsenda og konu hans Guðrúnar Tómasdóttur.

2. gr.

Sjóðurinn er stofnaður af eftirlátnum eigum Finns Ólafssonar heildsala í Reykjavík til minningar um látna foreldra hans, Ólaf og Guðrúnu. Meðal annarra eigna d.b. Finns er hlutafé í h.f. Hvalur og jarðirnar Fellsendi og Svarfhóll í Miðdölum. Skal jörðin Fellsendi vera ævinlega eign sjóðsins. Hlutafé í h.f. Hvalur verður óseld eign sjóðsins fyrst um sinn, undir umráðum sjóðstjórnar.

97

3. júní

Peningaæign sjóðsins skal geymast og ávaxtast í Landsbanka Íslands, eða á vegum hans, þar til sjóðurinn hefur starfsemi sína samkv. 4. gr. og má ekki skerða höfuðstólinn eða vexti til þess tíma.

4. gr.

Sjóðnum skal varið til þess að reisa og reka elli- og hjúkrunarheimili fyrir Dalasýslu. Forgöngu til vistar á heimilinu hafa gamalmenni úr Suðurdölum (Hörðudals-, Miðdala- og Haukadalshreppum) og síðar aðrir íbúar Dalasýslu eftir því, sem rúm leyfir.

Þegar sýnt þykir að sjóðurinn ásamt öðrum framlögum, er honum kunna að berast, er orðinn það efnum búinn að honum er fært að reisa hús yfir vistmenn og starfsfólk heimilisins og getur staðið undir nauðsynlegum rekstrarkostnaði, skal hafizt handa um að reisa þetta dvalarheimili gamalmenna. Skal reisa það í landi jarðarinnar Fellsenda, þar sem hagfeldast þykir.

5. gr.

Stjórn sjóðsins skal skipuð 5 mönnum: Bankastjóra frá Landsbanka Íslands, kosnum af framkvæmdastjórum Viðskiptabanka Landsbankans, en undirritaður skiptaforstjóri skal þó vera í stjórninni svo lengi sem hans nýtur við, sýslumanni Dalasýslu, héraðslækninum í Dalasýslu, sóknarpresti Suðurdalabínga og hreppsnefndaroddvita Miðdalahrepps. Endurskoðendur tvo velur sýslunefnd Dalasýslu.

6. gr.

Árlega skal gera reikning yfir hag sjóðsins og leggja hann fram endurskoðaðan fyrir sýslunefnd Dalasýslu og birta síðan í Stjórnartíðindum Íslands.

7. gr.

Leita skal staðfestingar forseta Íslands á skipulagsskrá þessari og hún birt í Bdeild stjórnartíðinda.

Reykjavík, 3. júní 1960.

Jón G. Maríasson.

98

8. júní

AUGLÝSING

um viðauka og breytingar á lyfsöluskrá II.

Frá og með 9. júní 1960 ganga í gildi viðaukar og breytingar útgefnar í dag á lyfsöluskrá II frá 10. desember 1958.

Í dóms- og kirkjumálaráðuneytinu, 8. júní 1960.

F. h. r.

Gústav A. Jónasson.

Ragnar Bjarkan.